

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal taka gjald fyrir hæfnisvottorð sem það gefur út til fiskiskipa. Ríkismatið skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi, sem það gefur út til fiskvinnslustöðva.

Vinnslustöðvar og fiskiskip skulu hljóta vinnsluleyfi og hæfnisvottorð að jafnaði einu sinni á ári. Endurtaka má skoðun hvenær sem tilefni er til að mati Ríkismatsins. Komi fram ágallar skal úr þeim bætt og að því búnu gefið út nýtt vinnsluleyfi eða hæfnisvottorð. Greiða skal hálf t gjald samkv. 3. og 5. gr. fyrir slík vinnsluleyfi eða hæfnisvottorð.

Ríkismatið skal taka gjald vegna útgáfu útflutningsmatsvottorða.

2. gr.

Ríkismatið skal taka gjald fyrir eftirlit og mat á afurðum þ. m. t. ferskum fiski til útflutnings og störfum sem því tengjast.

Þegar matsmaður hefur lokið störfum hverju sinni samkvæmt 1. mgr., skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag-, eftir- og næturvinnustunda, sem hann hefur unnið og skal vinnuþegi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni. Matsmaður afhendir Ríkismatinu fullfrágengnar vinnuskýrslur sínar.

Ríkismatið reiknar út launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 2. mgr., eftir launataxta Fiskmatsmannafélags Íslands að viðbættum 100% fyrir launatengd gjöld og ferða- og upphaldskostnað. Aldrei skal reikna minna en þrjár klst. fyrir þessi störf.

Heimilt er að taka sérstakt yfirtöku- og útflutningsmatsgjald fyrir hverja tunnu grásleppuhrogn í stað launakostnaðar samkvæmt 1. og 2. mgr. samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Sama máli gegnir um önnur söltuð hrogn. Á sama hátt er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir hvern gám, sem fiskur er ísaður í til útflutnings.

Séu gerðar efnagreiningar og/eða gerlaprufur, skulu þær greiddar samkvæmt reikningi.

Útflytjendum og samtökum útflytjenda er skylt að greiða fyrir hönd umbjóðenda sinna reikninga, sem gefnir eru út vegna útgáfu vinnsluleyfa, eftirlits og mats og útgáfu útflutningsmatsvottorða svo og efnagreininga og gerlaprufa.

3. gr.

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkv. 2. mgr. 1. gr. skal greiða gjald eins og hér segir:

- | | |
|---|--------------|
| 1. Grásleppustöðvar | kr. 1 000,00 |
| 2. Saltfisk-, síldarsöltunar- og skreiðarstöðvar | kr. 4 000,00 |
| 3. Lagmetisverksmiðjur, frystihús þ. m. t. skelfiskvinnslustöðvar og frystitogarar | kr. 8 000,00 |
| 4. Bráðabirgðavinnsluleyfi/hámarksgildistími 3 mán. Gjaldið skal nema 50% af hverjum gjaldflokki. | |

4. gr.

Ríkismatið skal innheimta gjald kr. 200,00 vegna afurða hvers framleiðanda á útflutningsmatsvottorði.

5. gr.

Fyrir hæfnisvottorð til fiskiskipa samkv. 1. mgr. 1. gr. skal greiða eins og hér segir:

1. Fiskiskip 1–12	brúttórúml.	kr. 1 000,00
2. Fiskiskip 13–20	brúttórúml.	kr. 1 200,00
3. Fiskiskip 21–50	brúttórúml.	kr. 1 500,00
4. Fiskiskip 51–110	brúttórúml.	kr. 2 000,00
5. Fiskiskip 111–200	brúttórúml.	kr. 3 000,00
6. Fiskiskip 201–500	brúttórúml.	kr. 4 500,00
7. Fiskiskip 501–800	brúttórúml.	kr. 6 000,00
8. Fiskiskip 801	brúttórúml. og stærri	kr. 7 000,00
9. Bráðabirgðahæfnisvottorð, hámarksgildistími 2 mán. Gjaldið skal nema 50% af hverjum gjaldflokki.		

Matsmaður sem gefur út hæfnisvottorð samkvæmt þessari grein skal innheimta gjaldið gegn afhendingu vottorðsins.

6. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 53 30. maí 1984 til að öðlast gildi 10. janúar 1986.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 101 11. febrúar 1985 svo og reglugerð nr. 360 6. september 1985 um breytingu á þeirri reglugerð.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1986.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Ingimar Einarsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar við norðurbrún Gránufélagsgötu á 10 metra kafla vestan Geislagötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 2. janúar 1986.

Eliás I. Eliasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Jaðarsel verður aðalbraut, þó þannig að umferð um það víki fyrir umferð um Breiðholtiðbraut og Holtasel.